

## Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins haldinn á Álfasteini 17. nóvember 2014.

Mætt: Jón Þór, Rachel, Andrea, Halla Björk og Hugrún leikskólastjóri.

Hugrún byrjaði á því að greina frá hugmynd að kakóferð í desember. Stundum hefur leikskólinn farið inn á Akureyri, kíkt á jólatréð og drukkið kakó. Nú er uppi hugmynd að mynda kaffihúsastemningu á Álfasteini með yngri árgöngum en fara í gönguferð út í skóg með eldri árgangana og drekka kakó þar.

Rætt um jólagjöf til leikskólabarna. Áhugi fyrir bakpoka sem er merktur nafni hvers barns. Andrea tekur að sér að kanna verð.

Umræður um danskennslu og tónmenntakennslu. Áður hefur töluvert verið rætt um danskennslu, nú eru krakkar í yngstu árgöngum töluvert fleiri en eldri árgöngum þannig að danskennsla myndi ekki nýtast öllum leikskólanum. Áður hefur verið rætt um samvinnu við Þelamerkurskóla varðandi danskennslu eldri árganga og hefur Ingunn danskennari ekki séð því neitt til fyrirstöðu. Hún á þó eftir að kenna fá skipti á þessari önn og óvíst er hvort hún kenni þar dans eftir áramót. Nú var tekin sú ákvörðun að athuga með tónmenntakennslu. Hugrún tekur að sér að heyra í Maríu tónmenntakennara, athuga kostnað og hvort hún hafi tök á því að kenna tónmennt á Álfasteini ca. 8 skipti eða svo.

Stefnt er að því að fá leikritið Einar Áskell í samstarfi við Þelamerkurskóla á næsta ári.

Ákveðið að standa fyrir sundferð á Þelamörk 30. nóvember kl. 14. Andrea tekur að sér að gera auglýsingu.

Umræður um skólaakstur og akstur leikskólabarna.

Hugrún greindi frá stöðu heimasíðumála og facebook síðu Álfasteins en heimasíðan er hæg og afar seinvirk að setja þar inn myndir. Umræður um hvort sveitarfélag og/eða skólar þess geti sameinast um kerfi.

Hugrún tekur að sér að hafa samband við leikfélagið og athuga hvort þeir geti sent okkur sveina á jólaballið.

Undanfarin ár hafa verið umræður í Þjóðfélaginu um það hvort rétt sé að gera einu trúfélagi hærra undir höfði en öðru í leikskólastarfi t.d. með kirkjuferð fyrir jól. Leikskólinn hefur fram að þessu farið ýmist í kirkjuferð eða fengið prest í heimsókn í desember en Hugrún greindi frá því að það verður ekki gert í ár vegna óska foreldris. Hugrún leggur til að foreldrar sinni þessum hluta uppeldis sjálfir og hafi þannig val um hvaða trúfélag það kynni fyrir barninu sínu.

Fleira ekki rætt, Halla tók saman fundargerð.